

From: Einar Oddur Sigurðsson <einar@eslegal.is>

Sent: miðvikudagur, 21. apríl 2021 10:00

To: Garðabær <gardabaer@gardabaer.is>

Subject: Skipulag / meint veiðibann í Urriðavatni - Erindi til stjórnsýslu Garðabæjar og bæjarráðs Garðabæjar

Importance: High

Góðan dag.

Sem íbúi í Urriðaholti hef ég tekið eftir skiltum við göngustíginn við Urriðvatn sem kveða á um bönn við hinu og þessu, t.d. lausagöngu hunda og svo virðist sem ekki megi veiða í vatninu.

Þessi skilti fóru upp fyrir margt löngu. Ég keypti þarna og reisti fasteign árið 2015 og hef eðlilega mikið leitt hugann að vatninu sem er mikil þrýði, en mér þykir þetta meinta veiðibann mikil synd af ýmsum ástæðum.

Er undirritaður viðraði hundinn í gærkvöldi og gekk meðfram Urriðavatni í logninu mátti vel greina nokkuð magn silungs vaka og brjóta spegilinn sem myndast hafði á vatninu. Sem íbúi í hverfinu þætti mér einfaldlega mjög skemmtilegt og náttúrulegt (jafnvel rómantískt) að sjá fólk, eða börn kasta þarna fyrir fisk.

Ég vildi kanna aðeins nánar hvað er á bakvið þetta meinta veiðibann, ákvarðanatökuna, fundargerðir/ákvarðanir o.fl. og óska eftir þeim gögnum sem eru fyrirbyggjandi.

Það mætti vel hugsa sér einhverja stranga umgerð í kringum það, t.d. aðgengi takmarkað (t.d. við íbúa hverfisins), eingöngu veiði með flugu og að öllum fiski yrði sleppt. Slíkar ráðstafanir ættu að vernda þá hagsmuni sem þessu meinta veiðibanni er ætlað að tryggja.

Að því sögðu vil ég óska eftir upplýsingum um ákvarðanatökuna, á hverju hún byggir o.s.frv.

Með von um skjót svör.

Einar Oddur Sigurðsson

Kveðja / Best regards,

Einar Oddur Sigurðsson lögmaður
Attorney at law

E.S. Legal ehf.
Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík
+354 517 5080
+354 858 2588
einar@eslegal.is